

Mál nr. 35/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/A með hjólhýsi í eftirdragi

og

Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur á hringveginum, afleggjara við Bjarnanes Hornafjarðarbæ, 18.07. 2006

Gögn.

1. Málskot móttakið 06.02. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 12.02. 2007.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 12.02. 2007.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Bifreiðunum var ekið á móti hvor annarri þegar árekstur varð. Hliðarspegill á B rakst utan í hjólhýsi sem A var með í eftirdragi.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum. Ökumaður A og farþegi hafi verið staðfastir í frásögn sinni um að B hafi verið ekið yfir miðlínu vegarins.

Vátryggingafélag B telur rétt að skipta sök til helminga vegna þeirrar óvissu sem sé um staðsetningu bifreiðanna við áreksturinn.

Álit.

Ökumenn bera hvorn annan sökum. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið um staðsetningu bifreiðanna þegar áreksturinn varð. Ekki eru forsendur til að láta halla á annan ökumanninn fremur en hinn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 2. mars 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.